

Ræða formanns á ársfundi 2022

Góðir sjóðfélagar

I. Inngangur

Lífeyrissjóðir eru á vissan hátt speglar sögunnar á hverjum tíma. Afkoma þeirra endurspeglar fyrst og fremst þróun á eignamörkuðum, víðvegar um heiminn, sem sveiflast í takt við framleiðslu, verðbólgu, fréttir og horfur. Hver og einn sjóður getur auðvitað haft áhrif á ávöxtun hverju sinni en sé litið til stærða sjóðanna þá hefur þróun eignaverðs á mörkuðum afgerandi áhrif. Þegar markaðir hækka er ávöxtun sjóðanna góð en fallandi markaðir skila lágri eða jafnvel neikvæðri ávöxtun.

Á árinu 2021 gætti áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru enn og hafði áhrif á hagkerfi heimsins. Talsverðar sveiflur voru á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum og lituðust markaðir af stöðu faraldursins hverju sinni og framvindu bólusetninga. Aðgerðir seðlabanka í mörgum löndum til að halda vöxtum lágum sem og bjartsýni um að nú styttist í lok faraldursins hafði jákvæð áhrif á hlutabréfamarkaði víðast hvar og hækkaði hlutabréfaverð á flestum mörkuðum mikið. Fjárfestar nutu góðs af því og þessi þróun skilaði góðri ávöxtun inn í blönduð söfn Almenna lífeyrissjóðsins.

Nýtt ár hefur litast af vondum fréttum um ófrið og stríðsátök. Það er auðvitað mjög sorglegt að mannkynið skuli aldrei læra að enginn sigrar í stríði. Afleiðingarnar eru alltaf hörmulegar, töpuð mannlíf, örkuml, fólksflótti og eyðilegging. Efnahagslegar afleiðingar eru einnig miklar og koma meðal annars fram í verðbólgu og lækkun eignaverðs sem hefur bein áhrif á fjárfesta. Áður en stríðsátökin hófust hafði verðbólga mælst meiri í flestum löndum en um árabíl sem hefur bein áhrif á vexti víðast hvar. Ávöxtun Almenna lífeyrissjóðsins sjóðsins á fyrstu mánuðum endurspeglar þennan veruleika.

Í ársskýrslu sjóðsins er gerð grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri hans og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og það sem af er þessu ári auk þess að kynna fjárfestingarstefnu sjóðsins.

II. Nýjar líftöflur og lengri meðalævi

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga lagði til á síðasta ári að forsendum við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða verði breytt og notaðar lífslíkur sem byggja á spám um lengri meðalævi en hingað til hefur verið stuðst við söguleg gögn í fortíð við mat áætluðum greiðslutíma lífeyris. Fjármála- og efnahagsráðherra féllst á tillögu FÍT og samkvæmt tilkynningu dags. 22. desember 2021 skulu lífeyrissjóðir

vera búnir að innleiða breyttar forsendur um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur ákveðið að innleiða þær strax á árinu 2022 og birtir niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar byggða á nýjstu líftöflum.

Með nýjum líftöflum er reiknað með lengri meðalævi og að sjóðfélagar almennt lifi að meðaltali rúmum fjórum árum lengur en áður var reiknað með. Vænt viðbótarár eru breytileg eftir aldri en reiknilíkanið gerir ráð fyrir ólíkri meðalævi eftir fæðingarárgöngum og að yngri hópar lifi lengur en eldri. Í útreikningum á skuldbindingum fyrir Almenna lífeyrissjóðinn er til viðbótar reiknað með að sjóðfélagar lifi að jafnaði tveimur árum lengur en meðalævi samkvæmt fyrrnefndum líftöflum. Þessi forsenda byggir á að könnun Talnakönnunar frá árunum 2019 og 2020 þar sem lífslíkur sjóðfélaga voru bornar saman við almennar lífslíkur. Niðurstöður athugunarinnar eru að lífslíkur sjóðfélaga Almenna eru marktækt hærri en staðalforsendurnar en munurinn mælist áþekkur á meðal karla og kvenna. Þessi niðurstaða er í samræmi við athuganir Hagstofunnar sem sýna að lífslíkur hækka með aukinni menntun. Í Almenna lífeyrissjóðnum er menntunarstig tiltölulega hátt og því notar sjóðurinn almennar lífslíkur með álagi.

Breyttar forsendur um vænt ár á lífeyri hafa mikil áhrif á skuldbindingar sjóðsins og tryggingafræðilega stöðu. Afleiðingar þessa er að áfallin tryggingafræðileg staða versnaði um 8,6% við innleiðingu á nýjum líftöflum, framtíðarstaða versnaði um 10,6% og heildarstaðan um 9,6%.

Sem betur fer hefur sjóðurinn skilað góðri ávöxtun á liðnum árum og er í góðri stöðu til að takast á við breyttar forsendur. Á þessum fundi verða kynntar breytingar og mótvægisáðgerðir vegna nýrra líftaflna. Þær felast í stuttu máli í aldursháðum breytingum á réttindum, innleiðingu á nýrri réttindatöflu og hækkun á iðgjaldi í samtryggingarsjóð. Gunnar Baldvinsson og Benedikt Jóhannesson munu kynna áðgerðir og tillögur á eftir.

Aukið langlífi þýðir að við þurfum að framfleyta okkur lengur á lífeyri miðað við óbreyttan lífeyrisaldur, fara síðar á lífeyri eða spara meira. Mótvægisáðgerðir sjóðsins miða að þessu, að greiða lífeyri í lengri tíma. Það er svo undir hverjum og einum komið hvernig „viðbótarárin“ nýtast, í vinnu eða á eftirlaunum. Þeir sem hætta snemma að vinna þurfa að reikna með að eftirlaunasparnaður dugi lengur en áður var áætlað en þeir sem velja að vinna lengur geta haldið óbreyttri áætlun. Ég vil nota þetta tækifæri hvetja sjóðfélaga til að yfirfara sín mál og leggja mat á áætluð eftirlaun.

III. Eignir og fjárfestingarumhverfi

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í nóvember síðastliðnum fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022. Gerðar voru nokkrar breytingar frá stefnu árið áður. Í meginatriðum fólust breytingarnar í því að auka vægi hlutabréfa í eignum blandaðra eignasafna en draga á móti úr vægi skuldabréfa. Jafnframt var ákveðið að breyta samsetningu skuldabréfa í eigu sjóðsins, draga úr vægi ríkisskuldabréfa en auka á móti vægi annarra skuldabréfa. Með þessari breytingu er stefnt að hærri langtímaávöxtun safnanna í því lágvaxtaumhverfi sem nú ríkir, bæði innanlands og erlendis. Undanfarin ár hafa vextir lækkað það mikið að vænt ávöxtun skuldabréfa til framtíðar er tiltölulega lág og í sumum tilvikum neikvæð. Lágir vextir hafa vissulega áhrif til lækkunar á vænta ávöxtun hlutabréfa en að jafnaði er áætluð ávöxtun þeirra þó jákvæð.

Breytingar voru gerðar á nafni og markmiði um meðaltíma skuldabréfa í Ríkissafni löngu. Safnið heitir nú Ríkissafn og er áætlaður meðaltími skuldabréfa í safninu nú 3 – 8 ár, en var 4 – 13 ár í Ríkissafni löngu. Þá var Ríkissafni stuttu lokað í lok febrúar 2022. Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér fjárfestingarstefnu sjóðsins og einstakra fjárfestingarleiða, sem birt er á heimasíðu sjóðsins.

Undanfarinn áratug hefur ávöxtun sjóðsins verið einstaklega góð og raunávöxtun blandaðra safna vel yfir sögulegu meðaltali. Sem dæmi um þetta má nefna að 10 ára raunávöxtun Ævisafns I var 8,1% á ári að jafnaði um sl. áramót og fimm ára raunávöxtun 10,1%. Eftir samfelldar vaxtalækkanir í langan tíma er eignaverð almennt hátt og því ekki ólíklegt að búast megi við auknum sveiflum á mörkuðum á næstunni og að ávöxtun geti orðið undir sögulegu meðaltali á næstu árum. Þá er hefur verðbólga aukist á ný, fyrst vegna vöruskorts í kjölfar heimsfaraldurs og síðar vegna stríðsátaka í Úkraínu.

Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er endurskoðuð reglulega samhliða fjárfestingarstefnu og staðfest sérstaklega af stjórn. Í stefnunni er horft til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fjárfestingum lífeyrissjóðsins.

Í nóvember 2021 skrifaði Almenni lífeyrissjóðurinn undir viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition (CIC) um að fjárfesta fyrir 300 milljónir Bandaríkjadala eða tæplega 40 milljarða króna í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum fram til ársins 2030. Almenni er í hópi þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem undirritað hafa viljayfirlýsinguna gagnvart CIC. Með yfirlýsingunni staðfesta íslensku sjóðirnir vilja sinn til að auka sjálfbærar fjárfestingar og styðja þannig við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Mikil eftirspurn er eftir

lausnum á þessu sviði og því er margt sem bendir til að þær geti skilað góðri langtímaávöxtun.

IV. Framhald á frumkvæði

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur allt frá upphafi lagt áherslu á góða þjónustu og að veita greinargóðar upplýsingar, bæði um sjóðinn í heild og um inneign og réttindi einstakra sjóðfélaga. Í febrúar opnaði Almenni nýjan og endurbættan sjóðfélagavef þar sem sjóðurinn leitast við að halda áfram að sýna frumkvæði í upplýsingagjöf og þróun á þjónustu við sjóðfélaga. Nýja vefnum er ætlað að veita hverjum sjóðfélaganum yfirsýn á augabragði en opna einnig leið til að kafa dýpra og stýra sínum lífeyrismálum. Viðmót vefsins er sveigjanlegt og myndrænt og virkar vel fyrir spjaltdölvur og snjallsíma sem og aðrar tölvur.

Þar er að finna ítarlegar upplýsingar um inneign, réttindi, hreyfingar og lán. Upplýsingarnar eru settar fram á myndrænan hátt til að auðvelda aðgengi og skilning. Þá er á vefnum öflug reiknivél til að reikna og áætla eftirlaun miðað við forsendur sem sjóðfélagar ákveða sjálfir.

Í aðgerðarhluta vefsins geta sjóðfélagar svo valið sér ávöxtunarleið, gert eignabreytingar, sótt rafræn skjöl, skilað inn öllum umsóknum til sjóðsins og fylgst með framvindu þeirra. Sjóðfélagar í séreignarsjóði, sem eru byrjaðir að ganga á inneign sína, geta stillt fjárhæð mánaðarlegra útgreiðslna, sótt eingreiðslur og valið úr hvaða ávöxtunarleið þeir fá greitt hverju sinni.

Á árinu 2021 var tekin ákvörðun um að innleiða nýtt lánakerfi, Libra-loan, til að halda utan um lán til sjóðfélaga. Með því er stefnt að auknum möguleika á framþróun, aukinni hagkvæmni, meira öryggi og betri upplifun lántaka. Þá var opnað fyrir nýjan aðgang fyrir sjóðfélaga sem fól í sér aukið aðgengi þeirra að ítarlegum upplýsingum

Við erum mjög kát með að bjóða sjóðfélögum okkar aðgang að upplýsingum um eigin hagsmuni og að bjóða þeim að stýra sínum lífeyrismálum með aðgerðum á sjóðfélaganum og lánavef.

En ég minni á að „vandi fylgir vegsemd hverri“. Með auknu aðgengi að upplýsingum og aðgerðum er lögð ábyrgð og skylda á hvern og einn sjóðfélaganum að fylgjast með sínum málum og gera ráðstafanir ef þarf. Í þessu sambandi vil ég benda á að sjóðfélagavefurinn birtir ábendingar til sjóðfélaga um ávöxtunarleiðir, tryggingavernd og iðgjöld. Þannig er sjóðfélögum til dæmis bent á ef þeir eiga inneign í söfnum sem er ekki í takt við ráðgjöf sjóðsins eða ef áætlaður örorkulífeyrir er undir 40% af síðustu launum. Hver og einn getur svo metið hvort viðkomandi þarf að bregðast við ábendingum. Aðalatriðið er þó það að hver og einn fylgist með sínum málum og geri breytingar eða ráðstafanir ef þarf. Ráðgjafar sjóðsins eru reiðubúnir að aðstoða og svara tölvupósti, netspjalli

og síma á skrifstofutíma sjóðsins. Sjóðfélagar geta pantað stöðufundi með ráðgjafa og ég vil sérstaklega benda á að margir hafa nýtt sér að sækja ráðgjöf um lífeyrismál með því að tala við ráðgjafa á fjarfundi.

V. Frumvarp um breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóða

Þann 18. mars síðastliðinn var birt í samráðsgátt drög að frumvarpi um breytingar á lífeyrissjóðalögum. Það byggir að mestu á tillögum og samráði við aðila vinnumarkaðarins sem tengjast nokkrum lífeyrissjóðum landsins, sem samtals veiga minna en helming af heildareignum lífeyrissjóða. Þar eru lagðar til mestu breytingar á lögum um lífeyrissjóði frá því núverandi lög voru samþykkt árið 1997. Lögin voru sett á sínum tíma í víðtækri sátt hagsmunaaðila og er það mat flestra að þau hafi í meginatriðum reynst vel.

Frumvarpið er efnislega það sama og kynnt var í samráðsgátt stjórnvalda 2019 og lagt fram á Alþingi 2021. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar þingsins frá 12. júní 2021 var lagt til að málinu yrði vísað aftur til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu m.t.t. ábendinga í umsögnum og að samráð yrði haft við hagaðila. Það kemur því verulega á óvart að frumvarpið sé lagt fram lítt breytt og óskað eftir umsögn um það í þriðja sinn.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur skilað inn umsögn um frumvarpið þar sem megin tillaga okkar er að það verði dregið til baka og þess freistað að vinna málið betur í tengslum við gerð grænbókar og heildarendurskoðunar lífeyriskerfisins sem hefur verið boðuð. Að okkar mati er frumvarpið illa undirbúið, samráð við aðra hagaðila en aðila vinnumarkaðarins var lítið sem ekkert, og þær tillögur sem lagðar eru til eru til þess fallnar að flækja lífeyriskerfið og draga úr valfrelsi sjóðfélaga. Í umsögn okkar áréttum við að víðtækt samráð við hagaðila er æskilegt ef ætlunin er að endurskoða grunnforsendur vel heppnaðra laga.

VI. Stjórnarstörf

Ársfundur sjóðsins árið 2021 var haldinn í maí eða tveimur mánuðum síðar en venjulega vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar. Fyrir vikið erum við að ljúka óvenju stuttu starfsári stjórnar í dag.

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til. Á tímabilinu frá júní 2021 til mars 2022 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Davíðs Ólafs Ingimarssonar og Odds Ingimarssonar í aðalstjórn auk Oddgeirs Ottesen, varamanns. Enginn þeirra gefur kost á sér áfram og vil ég nota tækifærið og færa þeim sérstakar þakkir fyrir störf í þágu sjóðsins.

Í aðdraganda þessa fundar fór í fyrsta sinn fram rafrænt kjör til stjórnar sjóðsins og mun formaður kjörnefndar kynna niðurstöður kjörsins hér á eftir. Alls gáfu tíu sjóðfélagar kost á sér í stjórn og vil ég nota tækifærið og færa þeim þakkir fyrir. Það skiptir máli að hæfir einstaklingar séu tilbúnir að starfa fyrir sjóðinn og sinna stjórnarstörfum. Þá vil ég lýsa yfir ánægju með stjórnarmenn séu nú kjörnir rafrænt en þannig geta mun fleiri sjóðfélagar tekið þátt í að velja stjórn sjóðsins.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári. Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.